**Ed. 254 Nefndarálit**

um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 16, 13. júní 1925, um breyting á 33. gr. laga nr. 71, 28. nóv, 1919, um laun embættismanna.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin lítur svo á, að endurskoðun launalaganna frá 1919 verði ekki lokið fyrr en árið 1930, þó undirbúningur undir það mál verði hafinn þegar á þessu þingi. Sje því óhjákvæmilegt að framlengja lögin frá 1925 um dýrtíðaruppbót starfsmanna ríkisins samkvæmt því, sem þetta frv. fer fram á. Leggur nefndin til, að frumvarpið verði samþykt.

Alþingi, 18. febr. 1928.

| | | |
|---|---|---|
| Ingvar Pálmason, form. og framsm. | Jón Baldvinsson, fundaskrifari. | Björn Kristjánsson. |